

Fimmtudaginn 23. júní 1994.

Nr. 29/1992.

Kári Thors

(Andri Árnason hrl.)

gegn

Haraldi Johannessen

(Guðni Haraldsson hrl.)

Líkamsárás. Skaðabætur. Miski. Örorka. Meðdómsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 22. janúar 1992 og krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að dómkröfur stefnda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Meðal þeirra eru staðfest ljósrit skattframtala stefnda árin 1988 – 1994.

Áfrýjandi, sem var ókunnur stefnda, réðst óboðinn inn á heimili hans seint að kvöldi og neitaði tilmælum um að hverfa þaðan á brott. Ljóst er, að áfrýjandi var ölvaður og æstur. Enda þótt einungis áfrýjandi og stefndi geti borið um upphaf átakanna og mikið beri á milli í frásögn þeirra, eru ekki efni til að draga í efa, að áfrýjandi hafi haft þar frumkvæði. Er og ósannað, að viðbrögð stefnda gagnvart hinni ólögmætu árás á hann og heimili hans hafi verið á annan veg en nauðsyn krafði.

Í héraðsdómi eru rakin þau læknisfræðilegu gögn, er liggja fyrir um líkamstjón stefnda. Verður að telja sannað, að það megi rekja til atlögu áfrýjanda, og ber að fella á hann óskoraða bótaábyrgð vegna þess. Verður byggt á örorkumati Stefáns Bogasonar tryggingalæknis, sem Læknaráð hefur fallist á.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur áætlaði tjón

stefnda vegna varanlegrar örorku 3.163.000 krónur í janúar 1989. Við ákvörðun bóta er rétt að líta til þess, að stefndi er embættismaður ríkisins, skipun hans í embætti ótímabundin og líkur til, að hann geti gegnt því þrátt fyrir metna örorku, enda hefur hann haldið óskertum launum frá slysdegi. Útreikningur tryggingastærðfræðingsins á tekjutapi verður því ekki lagður til grundvallar, en rétt er þó að hafa hliðsjón af honum. Einnig verður litið til skattfrelsis bóta og hagræðis af eingreiðslu þeirra. Að öllu þessu virtu þykja bætur vegna örorku stefnda hæfilega ákveðnar 1.400.000 krónur. Bætur vegna miska þykja hæfilega metnar 100.000 krónur, og er þá haft í huga, að vaxtatímabil er hátt í sjö ár, en gera má ráð fyrir, að í vöxtum á þessu tímabili öllu sé verðbótaþáttur. Vextir til uppsögu héraðsdóms verða ákveðnir í samræmi við vaxtaforsendur í útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar, þ.e. vextir af almennum sparisjóðsbókum Landsbanka Íslands, en dráttarvextir verða dæmdir frá uppsögu héraðsdóms, allt eins og nánar segir í dómsorði.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Er þá litið til útlagðs kostnaðar samkvæmt fram lögðum gögnum stefnda, en ekki hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Það athugast, að óþarft var að kveðja til meðdómendur í héraði.

Aðilayfirheyrslur í málinu eru mun lengri en efni voru til. Verulega skorti á, að spurningar, sem lögmenn beindu til málsaðila, væru nægilega gagnorðar og markvissar. Þá leiðst áfrýjanda að fara um stefnda niðrandi orðum, sem voru í engum tengslum við sakarefnið. Er ljóst af þessu, að verulega hefur á það skort, að formaður dómsins hefði viðhlítandi stjórn á skýrslutökum. Allt er þetta aðfinnsluvert.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Kári Thors, greiði stefnda, Haraldi Johannessen, 1.500.000 krónur með ársvöxtum sem nemur 15% frá 30. júlí 1987 til 21. september sama ár, 17% frá þeim degi til 11. október sama ár, 19% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 20% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 22% frá þeim degi til 21. febrúar 1988, 20% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 19% frá

þeim degi til 11. júní sama ár, 23% frá þeim degi til 21. júní sama ár, 24% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 26% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 22% frá þeim degi til 1. september sama ár, 12% frá þeim degi til 11. október sama ár, 9% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 6% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 4% frá þeim degi til 21. janúar 1989, 6% frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, 8% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 10% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 13% frá þeim degi til 11. apríl sama ár, 15% frá þeim degi til 11. júní sama ár, 17% frá þeim degi til 21. júlí sama ár, 12% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 10% frá þeim degi til 1. september sama ár, 6% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 8% frá þeim degi til 21. október sama ár, 9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 11% frá þeim degi til 1. janúar 1990, 9% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 7% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 5% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 3% frá þeim degi til 1. október sama ár, 2,5% frá þeim degi til 1. janúar 1991, 3,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 5% frá þeim degi til 1. júní sama ár, 6% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 7% frá þeim degi til 11. október sama ár, 4% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 3,75% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 3,5% frá þeim degi til 1. desember sama ár og 3% frá þeim degi til 12. sama mánaðar, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt er að höfuðstólsfæra áfallna vexti á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 30. júlí 1988.

Áfrýjandi greiði stefnda 380.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 12. desember 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. nóvember sl., er höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 12. desember 1989.

Stefnandi er Haraldur Johannessen, kt. 250654-3169, Strönd við Nesveg,

Seltjarnarnesi, en stefndi er Kári Thors, kt. 070759-7569, Hamarsgötu 8, Seltjarnarnesi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 9.000.000,00 ásamt [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður [...]. Til vara krefst stefndi þess, að dómkröfur verði stórlega lækkaðar og að málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

Sáttatilraunir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að undir miðnætti 29. júlí 1987 hafi dyra-síma á heimili sínu verið hringt. Hann búi á annarri hæð í tvíbýlishúsi, og hafi eiginkona sín, sem taldi, að bróðir hennar væri þar á ferð, opnað útidyr með rafmagnsrofa. Pegar hún hafi opnað dyr fram á stigagang íbúðarinnar, hafi stefndi staðið neðst í stigaganginum, ölvaður mjög og æstur. Eiginkona stefnanda, sem kannaðist ekki við stefnda, hafi bent honum á að hann væri að villast. En stefndi hafi í engu sinnt ábendingum hennar, heldur ruðst fram hjá henni og upp stigann. Hún hafi þá kallað á aðstoð stefnanda, sem kom fram. Hafi hann reynt með fortölum að róa stefnda og fá hann til að yfirgefa húsið. Stefndi hafi ekki sinnt því og verið með svívirðingar og hótanir í garð stefnanda. Stefnandi og eiginkona hans hafi brugðið á það ráð að læsa millihurð í þeirri von, að stefndi yfirgæfi húsið sjálfviljugur. Skömmu síðar hafi þau heyrt að útihurð var skellt. Við eftirgrennslan hafi komið í ljós að stefndi var á leið frá húsinu og hélt á fatnaði sem hann hafði tekið úr fatahengi stefnanda. Stefnandi kveðst hafa elt hann út, náð að taka af honum fatnaðinn og snúið síðan inn aftur. En stefndi hafi elt sig til baka og tekist að smeygja sér á eftir sér inn í húsið upp á efri pall stigagangs og verið mjög ógnandi.

Stefnandi kveðst hafa viljað forðast að lenda í átökum í lengstu lög. Stefndi hafi verið orðinn hálfu verri eftir að inn var komið.

Stefnandi hafi gengið upp stigann, en stefndi hafi farið úr skóm og jakka á neðsta palli og elt stefnanda upp. Stefndi hafi reynt mjög að fá stefnanda til að slást, en stefnandi kveðst hafa reynt að tala við hann og róa.

Skyndilega hafi stefndi beygt sig niður og náð að slá stefnanda á hálsinn með krepptum hnefa og í beinu framhaldi náð hálstaki á stefnanda. Talsverð átök hafi átt sér stað og þeir slegist utan í hurðina á íbúðinni og síðan lent úti í glugga, og þar hafi stefnanda tekist að snúa sig úr hálstakinu, get-

að skellt stefnda í gólfíð. Hann hafi haldið stefnda á gólfinu uns lögregluaðstoð barst. Tvo lögregluþjóna hafi þurft til að koma stefnda í vörslu og hafi hann verið handjárnaður vegna þess hvað hann var æstur. Stefndi hafi hót- að stefnanda lífláti er hann hafði hann í tókunum á gólfinu.

Stefnandi kveðst ekki hafa þekkt stefnda.

Ekkert áfengi hafi verið haft um hönd á heimili stefnanda þetta kvöld og ekkert samkvæmi eins og stefndi hafi haldið fram. Stefnandi hafi ekki heldur þekkt stefnda, eins og stefndi haldi fram.

Stefnandi kveðst hafa leitað á slysavarðstofu strax eftir átökin, enda fundið fyrir sársauka í hnakka og hálsi, jafnframt því sem hann hafi fengið áverka á bak og brjóst.

Stefnandi lagði fram kæru morguninn eftir á hendur stefnda og eigin- kona stefnanda, Brynhildur Ingimundardóttir, gaf einnig skýrslu.

Einnig var tekin lögregluskýrsla af stefnda morguninn eftir dvöl í fanga- geymslu. Hann skýrir svo frá í skýrslu sinni hjá lögreglu, að hann hafi verið dauðadrukinn kvöldið áður og muni ekkert frá atburðinum. Hann viti ekki hvert hann hafi farið eða hvað hann hafi gert. Hann viti ekki hvaða er- indi hann hafi átt í húsið Strönd, og fólkið, sem þar búi, sé sér ókunnugt og hann eigi ekki neitt sökótt við það.

Þann 3. desember 1987 lagði stefnandi fram skaðabótakröfu hjá lögreglu á hendur stefnda, samtals að fjárhæð kr. 109.350,00.

Stefnda var kynnt skaðabótakrafa stefnanda þann 25. mars 1988. Er haft eftir honum í lögregluskýrslu sama dag: „Mætti kveðst algjörlega hafna því að greiða þessa kröfu. Nánar aðspurður um atvikið segist mætti í umrætt sinn hafa verið drukinn og farið á nokkra bari í borginni. Mætti segir að einhver hafi sagt honum að það væri „party“ hjá Haraldi og sagt að það væri að Strönd við Nesveg. Mætti kveðst hafa kannast við Harald frá því hann var í 3ja bekk M.R., en þá hafi Haraldur verið í 6. bekk.

Mætti kveðst hafa farið á staðinn og hafi honum verið hleypt inn. Síðan hafi komið til rifrildis og hafi Haraldi þá sárnað og ráðist að mætta.

Mætti kveðst hafa fengið áverka í átökunum og hafi hann verið saumað- ur í andliti á slysadeild Borgarspítalans.

Mætti kveðst hafa verið mjög drukinn þegar þetta gerðist og muni hann því ekki nákvæmlega hvort honum var hleypt inn með dyrasíma eða með öðrum hætti.“

Þessum breytta framburði stefnda var harðlega mótmælt af hálfu stefn- anda í lögregluskýrslu 29. mars 1988.

Með bréfi ríkissaksóknara, dags. 30. maí 1988, var af ákærvaldsins hálfu samþykkt að málinu yrði lokið með dómsátt. Þann 13. júlí 1988 féllst stefndi

á dómsátt fyrir sakadómi Seltjarnarness. Hann neitaði greiðslu skaðabóta, en samþykkti að greiða kr. 14.000,00 í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við mál sókn út af brotinu, sem þótti varða við 1. mgr. 217. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga.

Í sáttinni, sem stefndi undirritaði, stendur m.a.: „Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974. Kærði er áminntur um sannsögli. Hann játar, að efni kærunnar sé rétt og kannast við ofangreint brot sitt.“

II.

Verður nú rakin sjúkrasaga stefnanda.

Í vottorði læknis á slysadeild Borgarspítalans segir að skráma hafi verið á stefnanda fyrir aftan vinstra eyra og lítill skurður þar bak við. Þá voru eymsli yfir hálsvöðvum, aðallega yfir m. trapezius hægra megin, og sársauki við snúningshreyfingar yfir til hægri og við að halla höfði til hægri. Var það álitíð tognun á hálsvöðvum. Þá var skráma aftan á baki og önnur minni framan á brjóstakassa. Áverkarnir voru ekki taldir þurfa sérstakrar meðferðar við, nema stefnandi fékk ráðleggingar.

Stefnandi leitaði til Guðjóns Lárussonar læknis 2–3 mánuðum síðar, er gaf honum tilvísun á Friðrik Guðbrandsson, sérfræðing í háls-, nef- og eyrnasjúkdómum. Í vottorði hans, dags. 16. maí 1990, segir, að stefnandi hafi komið til hans 30. desember 1987 og skýrt svo frá að hann hafi lent í átökum og fengið slink á hálsinn og var hann við skoðun aumur yfir hnakkafestum við hægri brún musculus trapezius. Við skoðun fannst bólguhnútur, eins konar vöðvasamdráttur í hnakkavöðvum. Eymsli hafi verið við hreyfingu í hálsliðum. Sjúkraþjálfun var ráðlögð.

Í vottorði Sigurðar Arnar Hektorssonar læknis, dags. 22. nóvember 1988, segir: „Þann 22. apríl 1988 leitaði ofangreindur til mín, en ég er heimilislæknir hans, vegna verkja í hálsi, hnakka og herðum með geislun niður í hægri öxl og niður handlegg, en ekki kom fram dofi eða einkenni í fingrum. Hann kvartaði einnig um að fram væri komin kúla eða hnúður aftan til á hálsi. Kvað hann þetta eiga rætur að rekja til áverka sem hann varð fyrir síðla árs 1987, líklega í júlí, er hann kvaðst hafa orðið fyrir árás á heimili sínu, er maður nokkur tók hann mjög kröftugu hálstaki og sneri höfuðið. Fann fljótlega eftir árásina verk aftan á hálsinum, sem náði hámarki um einum mánuði síðar. Frá þessum tíma hafði hann farið smám saman versnandi að því leyti að hann varð æ stirðari í hálsi og fann stöðugt til verkja auk þess sem honum fannst óeðlilegur hnúðurinn aftan á hálsinum.

Við skoðun 22.04. 1988, hjá mér, kom í ljós verulegur stirðleiki við rotation til beggja átta og við lateral flexio ásamt verulegum eymslum í hnakka-

festum. Einnig var mikill stirðleiki eða hersli í hálsvöðvum hægra megin þannig að einnig varð um læsingu að ræða á flestum hreyfingum hálsins. Vegna þessa virtist sjúklingur vera orðinn mjög hokinn og skýrir það væntanlega fram komna kúlu á mótum hálssúlu og brjóstsúlu, þar sem hálssúlan var mjög niðurlút.

Af þessu tilefni var tekin röntgenmynd af columna cervicalis þann 26.04. 1988, sbr. meðfylgjandi ljósrit, en hún var eðlileg.

Sjúklingur var sendur í sjúkrahjálfun og var lengi um að ræða skerðingu á lateral flexio til hægri ásamt rotatio.

Við sjúkrahjálfun er ljóst að sjúklingur hefur náð töluverðum bata. Skoðun 20.10. 1988 leiðir í ljós að hann er orðinn mun betri en kvartar þó um svolitinn þreytuverk sem geislar frá herðum hægra megin niður í hægri upphandlegg, en ekki er til staðar dofi eða máttleysi. Þó finnst honum enn bera á fyrrgreindri stöðuskekkju, þ.e.a.s. bungu eða hnúð á mótum hálssúlu og brjóstsúlu, en hreyfingar hálssúlu og höfuðs eru eymslalausar og hreyfiferill í hálsi orðinn góður.

Það verður að teljast afar líklegt að hafi sjúklingur orðið fyrir svo harkalegu hálstaki sem hann greinir frá, þá hafi það leitt til tognunar á hálsi sem hafi í för með sér ofangreind einkenni.“

Þá hefur verið lagt fram í málinu vottorð Árna Árnasonar sjúkrahjálfara um að stefnandi hafi gengið til hans alls 22 sinnum á tímabilinu 14. júlí 1988 til 4. nóvember 1988 vegna stífleika og eymsla í hálsi, og vottorð Hilmaris Ágústssonar sjúkrahjálfara um, að stefnandi hafi komið í alls 50 meðferðir frá 14. júlí 1988 til 8. ágúst 1990.

Fyrir dómi skýrði stefnandi svo frá að hann leitaði enn til sjúkrahjálfara er hann væri orðinn slæmur og skánaði honum þá.

Stefnandi leitaði eftir örorkumati og segir svo í örorkumati Stefáns Bogasonar læknis, dags. 24. nóvember 1988:

„Um það leyti sem hann byrjaði í sjúkrahjálfuninni var hann búinn að til-einka sér ákveðna stellingu með höfuð og háls þannig að hann fyndi minna til og var það þannig að hann var álútur með höfuð beygt fram í bringu. Segir hann að þá hafi myndast hnúður aftan á hálsi neðst. Hann segir að þegar hann fór til Sigurðar Hektorssonar hafi hann verið kominn með dofa og máttleysi niður í hægri handlegg og sjóntruflanir. Hann hefur lagast við hjálfunina. Það hefur rést úr hálsinum en hann er enn með þreytuverki aftan í hálsi og út í hægri öxl og handlegg. Hann er verri ef hann er þreyttur. Slasaði starfaði hjá ríkislögmanni þegar slysið vildi til, og kveðst ekki hafa átt hægt með að hætta vinnu um það leyti og hélt því áfram störfum þrátt fyrir stöðug óþægindi. Hann var verstur af þessum óþægindum frá slysinu

og þar til hann byrjaði í sjúkraþjálfun. Þó að hann væri í fullu starfi, þá var hann eitthvað fatlaður til vinnu vegna stöðugra verkja. Hann var búinn að koma sér upp sérstakri vinnustellingu til þess að reyna að draga úr verkjum, auk þess sem hann þurfti að vera í vissum stellingum á nóttunni.

Við skoðun eru eymsli í hálsi hægra megin út í hægri öxl og leiðir niður í hægri handlegg ef axlarvöðvinn er þuklaður. Tekur í ef hann hallar höfði til vinstri eða snýr því til vinstri.

Álit:

Um er að ræða rúmlega þrjátíu og fjögurra ára gamlan lögfræðing sem varð fyrir líkamsárás í stigagangi húss þess sem hann býr í, er drukkinn aðkomumaður veittist að honum. Aðkomumaðurinn greiddi honum þungt hnefahögg á hálsinn vinstra megin fyrir aftan eyra og tók hann síðan föstu hálstaki með hægri hendi, en í átökum þeim sem á eftir fylgdu mun slasaði hafa hlotið mar og tognunaráverka á vöðva, liðbönd og taugar í hálsi.

Við skoðun á slysadeild Borgarspítalans skömmu eftir árásina fundust einkenni sem bent gátu til hnefahöggs á háls vinstra megin aftan við eyra og tognunar á hálsvöðvum. Voru þessi einkenni þrálát og þrátt fyrir langvarandi sjúkraþjálfun eru nokkur einkenni enn til staðar. Slasaði er enn með þreytuverki aftan í hálsi og út í hægri öxl og handlegg. Hann versnar ef hann er þreyttur. Hann er enn aumur í hálsi hægra megin og út í hægri öxl. Leiðir óþægindin niður í hægri handlegg. Hann þolir illa að halla höfði til vinstri eða snúa því til vinstri.

Telja má fullvíst að hálstak það sem slasaði lýsir hafi leitt til mars og tognunaráverka á mjúkvefi í hálsi, bæði vöðva, liðbönd og taugar. Gæti það skýrt leiðniverki út í hægri handlegg.

Þar sem nú er liðið svo langt frá slysinu og meðferð hjá sjúkraþjálfara hefur verið þrautreynd er ekki að búast við frekari bata en orðið er þannig að búast má við að þau einkenni sem slasaði hefur enn muni verða varanleg. Þó að slasaði hafi sinnt störfum sínum eftir áverkann hefur hann vafa-laust átt í verulegum erfiðleikum með það vegna þráláttra verkja. Hann hefur þurft að koma sér upp sérstakri stellingu bæði í vinnunni og eins til að geta sofið vegna verkjanna.

Tímabundin og varanleg örorka af völdum áverkans telst hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi í 12 mánuði	50%
Varanleg örorka	15%“

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur reiknaði út örorkutjón stefnanda á grundvelli örorkumats. Í skýrslu hans frá 18. janúar 1989 segir:

„Samkvæmt ljósrítum af skattframtölum Haralds voru vinnutekjur hans næstu 3 árin fyrir slysið eins og hér segir, og eru jafnframt sýndar tekjurnar eftir að þær hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga:

		<i>Tekjur</i>	<i>Umreiknaðar tekjur</i>
Árið 1984	kr.	109.717	335.300
Árið 1985	„	726.176	1.630.600
Árið 1986	„	1.211.894	2.015.100

Árið 1984 var Haraldur í háskóla í Bandaríkjunum og sleppi ég því ári í tekjuviðmiðun en nota eingöngu árin 1985 og 1986. Meðaltekjur þeirra ára eru kr. 1.822.800. Þær eru frá Ísal og ríkisbókhaldinu.

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tekjutap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, eins og tíðkast hefur, fæst eftirfarandi áætlun:

		<i>Áætlaðar tekjur</i>	<i>Tekju- tap</i>
Árið 1987, frá slysdegi	kr.	672.600	336.300
Árið 1988	„	1.764.100	614.500
Síðan árlega	„	1.822,800	273.400

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	766.000
Vegna varanlegrar örorku	„	3.163.000
Samtals	kr.	3.929.000“

Við útreikning höfuðstólsverðmætis notar tryggingastærðfræðingurinn vexti (einfalda) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands, en eftir útreikningsdag 6% vexti og vaxtavexti. Ekki tekur hann tillit til skatta.

III.

Fyrir dómi kveður stefndi málavexti þá, að hann hafi verið að skemmta sér umrætt kvöld og komið við á nokkrum veitingahúsum. Einhver hafi sagt sér að samkvæmi væri hjá stefnanda, en hann hafi kannast við hann,

frá því að hann var í Menntaskólanum í Reykjavík, hann í 3. bekk, en stefnandi í 6. bekk. Hann kvaðst ekki vera ofbeldishneigður, og sér hafi strax orðið ljóst, er hann gekk upp stigann á heimili stefnanda að hann ætlaði að ráðast á sig. Hann hafi hins vegar verið of drukkinn til þess að slást og fundið það strax. Stefnandi hafi ráðist á sig og haft sig undir, og hafi það orðið sér til lífs, að eiginkona stefnanda hringdi á lögregluna, og kom hún og bjargaði honum úr höndum stefnanda. Aðspurður um hvers vegna lögreglan hafi þurft að handjárna hann, kvað hann það hafa verið vegna þess að hann hafi fengið móðursýkiskast eftir átökin. Hann hafi undirgengist dómsátt í sakadómi til þess að spara sér fé og fyrirhöfn og til þess að sleppa við ákæru. Hafi hann talið að með því félli skaðabótakrafa stefnanda niður og hann væri laus allra mála. Hann hafi því ekki tekið til varna fyrir sakadómi.

Hann hafi ekki munað neitt eftir atburðum kvöldsins daginn eftir hjá lögreglu vegna þess að hann hafi fengið heilahristing í átökunum. Hann hafi fengið 1 cm langt sár á vinstri augabrún, sem hafi verið saumað saman um nóttina, sbr. vottorð slysadeildar.

Í þinghaldi 8. maí 1990 óskaði stefndi eftir að dómurinn leitaði álits Læknaráðs um eftirgreind atriði, með vísan til 2. gr. laga nr. 14/1942:

- a) Telur Læknaráð sannað að stefnandi hafi orðið fyrir því líkamstjóni, sem lýst er í örorkumati Stefáns Bogasonar?
- b) Ef Læknaráð telur að nægilegar sannanir séu fyrir hendi um líkamstjón stefnanda er óskað álits á því hvort líkamstjónið kunni að vera afleiðing hnefahöggs á höfuð stefnanda og hálstaks eins og lýst er í matinu.
- c) Telur Læknaráð að afleiðingar átakanna, t.d. myndun kúlu á mótum hálssúlu og brjóstúlu, eins og lýst er í vottorði Sigurðar Hektorssonar, kunni að vera að kenna hve stefnandi leitaði seint lækni og meðferðar sjúkraþjálfara?
- d) Telur Læknaráð að nokkrar líkur séu á að sjúkdómseinkenni stefnanda stafi af öðru en átökunum, t.d. er mögulegt að sjúkrasaga stefnanda fyrir og eftir átökin, langskólanám hans og atvinna eða önnur atriði hafi getað valdið þeim einkennum, er stefnandi lýsir?
- e) Telur Læknaráð að mat á örorku stefnanda samkvæmt örorkumati sé hæfilegt þegar litið er til þeirra upplýsinga, sem fram hafa komið í máli þessu, t.d. hvort tímabundið örorkumat sé hæfilegt með hliðsjón af því hve seint stefnandi leitaði lækni?
- f) Önnur atriði er Læknaráð telur að geti orðið til sem réttastar niðurstöðu máls þessa.

Í greinargerð stefnda til bæjarþings vegna ofangreindrar beiðni hans um að málið verði sent Læknaráði til úrskurðar, segir m.a.:

„Stefndi kannast ekki við að hafa slegið til stefnanda eða tekið hann haustaki, ekki síst með hægri hendi, eins og stefnandi heldur fram, og bendir í þessu sambandi á að hann sé örvhentur. Sé því útilokað að frásögn stefnanda sé rétt. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda að átök þeirra stefnanda hafi aldrei getað valdið hinu meinta líkamstjóni stefnanda. Skal í því sambandi bent á eftirfarandi:

- 1) Stefndi var mjög ölvaður og því ekki líklegur til stórataka.
- 2) Samkvæmt lögregluskýrslu 30.07. 1987 er átökunum lýst svo:
„Hann (stefnandi) kvaðst síðan hafa verið að ræða við manninn er hann slær til sín hnefahögg. Kvaðst hann rétt hafa getað vikið sér undan en samt sem áður fengið höggið í hálsinn. Síðan hefðu orðið nokkur átök á milli þeirra áður en hann hefði yfirbugað hann.“ Í lögregluskýrslunni segir síðan: „Nokkur roði var kominn á hálsinn á Haraldi og fór hann því á slysadeild Borgarspítalans og fékk áverkavottorð.
- 3) Í lögregluskýrslu síðar þennan dag lýsir stefnandi átökunum þannig: „Mætti kveðst hafa verið að ræða við Kára og reyna að róa hann er Kári hafi skyndilega beygt sig niður og náð að slá mætta á hálsinn með krepptum hnefa og í beinu framhaldi hafi Kári náð hálstaki á mætta.“
- 4) Í skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar hinn 3. desember 1987 segir stefnandi m.a.: „Áminntur um sannsögli skýrir mætti svo frá, að hann sé ennþá ekki búinn að ná sér eftir árás Kára Thors. Mætti kvartar um stöðugan verk í hálsvöðva er leggi niður í öxl og bak hægra megin á líkama hans. Þetta séu verkir sem hann hafi ekki haft fyrir árás Kára og hann hafi haft stöðugt síðan. Mætti telur orsakarinnar vera að leita í hálstaki sem Kári hafi tekið hann umrætt sinn.“ Við skýrslugjöf þessa gerði stefnandi bótakröfu á hendur stefnda fyrir sig og konu sinnar hönd, að fjárhæð kr. 109.350,00, eins og nánar er sundurliðað í skýrslunni.
- 5) Í skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar hinn 29. mars 1988 segir stefnandi m.a.: „Það varð undirrituðum til láns að vera allsgáður og með fulla athygli á árásarmanninum. Ef svo hefði ekki verið má reikna með að undirritaður hefði hlotið stórfelldan líkamsskaða af þessari lymnskulegu og undirbúnu árás árásarmannsins.“ Enn fremur segir hann í skýrslunni: „Að lokum er áskilinn réttur til frekari og aukinnar kröfugerðar á hendur árásarmanninum í ljósi þess að undirritaður hefur haft stöðugar þrautir hægra megin í háls- og axlarliðum eftir árás mannsins.“
- 6) Í læknisvottorði Arnar E. Ingasonar læknis á slysadeild Borgarspítalans, er skoðaði stefnanda hinn 30. júlí 1987, segir svo í niðurlagi:

„Áverkar þessir voru ekki taldir þurfa sérstakrar meðferðar við, nema hvað sjúkl. fékk ráðleggingar. Hann fór síðan af deildinni og er ekki að sjá, að hann hafi komið síðar vegna áverka þessa.“

- 7) Stefnandi fer ekki til heimilislæknis síns fyrr en 22. apríl 1988, sbr. vottorð Sigurðar Arnar Hektorssonar dags. 22. nóvember 1988. Í vottorði er lýsing stefnanda á líkamlegu ástandi sínu sem hann segir „eiga rætur að rekja til áverka sem hann varð fyrir síðla árs 1987, líklega í júlí, er hann kveðst hafa orðið fyrir árás á heimili sínu, er maður nokkur tók hann mjög kröftugu hálstaki og sneri höfuðið. Fann fljótlega eftir árásina verk aftan á hálsinum, sem náði hámarki um einum mánuði síðar. Frá þessum tíma hafði hann farið smám saman versnandi að því leyti að hann varð æ stirðari í hálsi og fann stöðugt til verkja auk þess sem honum fannst óeðlilegur hnúðurinn aftan á hálsinum.“ Samkvæmt læknisvottorðinu kemur fram að skoðun læknisins 26.04. 1988 leiddi eftirfarandi í ljós: „Kom í ljós verulegur stirðleiki við rotatio til beggja átta og við lateral flexio ásamt verulegum eymslum í hnakkafestum. Einnig var mikill stirðleiki eða hersli í hálsvöðvum hægra megin þannig að einnig varð um læsingu að ræða á flestum hreyfingum hálsins. Vegna þessa virtist sjúklingur vera orðinn mjög hokinn og skýrir það væntanlega fram komna kúlu á mótum hálssúlu og brjóstúlu, þar sem hálssúlan var mjög niðurlút.

Af þessu tilefni var tekin röntgenmynd af columna cervicalis þannig 26.04. 1988, sbr. meðfylgjandi ljósrit, en hún var eðlileg.“

Síðan segir í vottorðinu að sjúklingurinn hafi verið sendur í sjúkrahjálfun, og við skoðun 22.10. 1988 komi í ljós að við sjúkrahjálfunina hafi sjúklingurinn náð töluverðum bata. Varðandi skoðun læknisins greinir hann frá einkennum stefnanda, eins og hann sjálfur lýsir þeim, en fram kemur að hreyfingar hálssúlu og höfuðs séu eymslalausar og hreyfiferill í hálsi orðinn góður.

Þá segir læknirinn að lokum: „Það verður að teljast afar líklegt að hafi sjúklingur orðið fyrir svo harkalegu hálstaki sem hann greinir frá (leturbreyting mín) þá hafi það leitt til tognunar á hálsi sem hafi í för með sér ofangreind einkenni.

- 8) Stefnandi fór fyrst til sjúkrahjálfara 14.07. 1988, tæpu ári eftir að hin meintu átök áttu sér stað.
- 9) Í lýsingu stefnanda, sem örorkumatið er byggt á, sbr. bls. 3 í örorkumatinu, segir að árásarmaðurinn hafi slegið hann þungt hnefahögg, og hafi höggið komið á hálsinn rétt fyrir neðan vinstra eyra. Síðan segir: „Virðist hnefinn hafa runnið aftur með hálsinum frekar en það kæmi

þungt högg á hálsinn. Í beinu framhaldi af því greip árásarmaðurinn hann hálstaki með hægri hendi og eftir nokkur átök kom slasaði árásarmaðinn undir, en hafði í þeim átökum hlotið allmikla áverka á háls.“

Í matinu kemur fram að stefnandi hafi greint svo frá að er hann fór til Sigurðar Hektorssonar hafi hann verið kominn með dofa og máttleysi niður hægri handlegg og sjóntruflanir. Þetta kemur ekki fram í læknisvottorði Sigurðar.

Í matinu er greint frá því að við skoðun séu eymsli í hálsi hægra megin út í hægri öxl og leiði niður í hægri handlegg, sé axlarvöðvinn þuklaður. Er þetta í andstöðu við vottorð Sigurðar.

Í matinu kemur fram að stefnandi hafi tjáð tryggingalækni, að hann hafi, áður en hann fór til Sigurðar Hektorssonar, leitað til Friðriks Guðbrandssonar. Vottorð hans liggur ekki fyrir.

Í örorkumati er á því byggt að einkenni, sem fundist hafi við skoðun á slysadeild Borgarspítalans, hafi getað bent til hnefahöggs á háls vinstra megin aftan við eyra og tognunar á hálsvöðvum. Slíks er ekki sérstaklega getið í vottorði Arnar E. Ingasonar.

Eins og hér hefur verið rakið eru frásagnir stefnanda af átökunum og afleiðingum þeirra mjög mismunandi og verður ekki betur séð en að lýsing hans, sem örorkumatið er byggt á, sé í andstöðu við raunveruleikann. Er og að sjá að Sigurður Hektorsson sé ekki trúaður á frásögn stefnanda, sbr. niðurlag læknisvottorðs hans.

Skal áréttað í því sambandi:

Byggt er á því að stefnandi hafi orðið fyrir þungu hnefahöggi á hálsinn, þó að í lögregluskýrslu komi fram, sbr. 1. hér að framan, að hann hafi vikið sér undan högginu að mestu og í síðari skýrslum telji hann að einkennin stafi af hálstaki því er hann hafi verið tekinn.

Stefnandi er talinn hafa eymsli og stirðleika í hálsi, sem ekki er í samræmi við vottorð Sigurðar Hektorssonar.

Einkenni þau, sem lögð eru til grundvallar við matið, eru mun alvarlegri og meiri en önnur og eldri gögn málsins greina.

Öll lýsing stefnanda á átökum við stefnda á við um réttthentan mann, en ekki örvhentan eins og stefndi er.“

Í þinghaldi 8. maí 1990 var kveðinn upp úrskurður á bæjarþingi Sel-tjarnarness um, að óskað væri álits Læknaráðs á framangreindum atriðum.

Réttarmáladeild Læknaráðs svaraði spurningum stefnda með eftirfarandi hætti og staðfesti Læknaráð þá niðurstöðu:

„1. Já. Talið er sannað að stefnandi hafi orðið fyrir líkamstjóni, sem fram

kemur í gögnum og er rækilega skjalfest í lögregluskýrslum. Málsatvikum er lýst í örorkumati Stefáns Bogasonar og er ósannað að þau hafi verið á nokkurn annan veg en fram kemur. Önnur læknisvottorð lýsa líkamsástandi eftir áverka, en greina hvergi frá hvernig því var háttað áður.

2. Já. Telja verður að nægilegar sannanir séu fyrir hendi um að líkamstjón stefnanda kunni að vera afleiðing hnefahöggs á höfuð stefnanda og hálstaks eins og lýst er.
3. Nei. Engin rök eru til þess að ætla að afleiðingar átakanna kunni að vera að kenna, að stefnandi leitaði seint læknis, og meðferðar sjúkrabjálfa.
4. Nei. Sjúkrasaga stefnanda fyrir átök er óþekkt. Einstaklingur, sem stundar langskólanám eða kyrrsetuvinnu, kann að vera illa í stakk búinn til að mæta óvæntum átökum. Hins vegar er talið ósannað að sjúkdómseinkenni hafi verið til staðar fyrir átök.
5. Telja verður með tilliti til örorkumats Stefáns Bogasonar læknis og minnispunkta Júlíusar Valssonar læknis um örorku stefnanda, þá hafi ráðið ekkert við það mat að athuga.
6. Ráðið telur að eins og gögnum málsins er háttað þá séu ekki önnur atriði sem máli skipta við niðurstöðu málsins.“

Í tengslum við umfjöllun Læknaráðs var Stefán Bogason læknir fenginn til að endurmeta örorku stefnanda 19. desember 1990. Hann leitaði til Júlíusar Valssonar tryggingalæknis og sérfræðings í rheumatologi, sem tók stefnanda í viðtal og skoðun. Í greinargerð hans, dags. 13. desember, segir m.a.:

„Einkenni Haralds í dag eru eftirfarandi:

Stöðugir þreytuverkir hægra megin á hálsi og aftan til á stað, sem samsvavar festu (insertio) musculus sternocleidomastoideus dxt. Fær þessa verki gjarnan við setur og snúning á höfði til vinstri. Minni óþægindi við reingingu höfuðs. Fær þá verki í vöðvafestur á hnakka. Haraldur segir einnig svo frá að hann fái oftsinnis þreytuverki, sem leiðir frá hálsinum hægra megin og niður í handleggi og þá alveg fram í fingurgóma. Kemur aðallega við álag á handlegginn og höndina og þetta hefur valdið því að hann hlífir handleggnum við álagi. Hann kveðst oft máttminni í handleggnum miðað við vinstri. Hann fær oftsinnis óþægindi að nóttu til og þarf að hlaða undir sig koddum til að ná hvíldarstillingu. Óþægindin frá hálsinum há honum töluvert í starfi. Haraldur kveðst hafa átt í töluverðum sálrænum erfiðleikum eftir áflogin. Hann hafi átt erfitt með svefn og verið kvíðafullur, átt erfitt með einbeitingu og fundið fyrir sjóntruflunum, t.d. við lestur þar sem

staðir áttu til að renna saman. Þetta hefur þó lagast með tímanum. Hann kveðst þó vera vanur ýmsu andlegu álagi, þar sem hann starfaði áður sem lögregluþjónn. Var hraustur og einkennalaus fyrir líkamsárásina þann 30.07. 1987. Hann kveðst eftir árásina hafa orðið mjög var um sig og vera það enn. Hann er hræddur um konu sína og börn og hefur látið útbúa sérstaka trygga lása á hurðir heimilis síns. Árásarmaðurinn mun búa í næsta nágrenni við hann og hræðist Haraldur stöðugt nýjar aðgerðir af hans hálfu. Þetta hafi valdið honum töluverðum kvíða.

Skoðun:

Haraldur kemur eðlilega fyrir og gefur greinargóða sögu. Hann er hraustlegur og hefur eðlilegan litarhátt. Við hreyfingar í hálsliðum greinir hann frá eymslum hægra megin á hálsi við snúning til vinstri og kveinkar sér greinilega í ystu stöðu. Einnig á hann í erfiðleikum með fulla reigingu en hægri snúningur og hneiging er eðlileg. Eymсли koma einnig fram hægra megin á hálsi er hann hallar höfði til vinstri. Það er aukin thoracal kyphosa. Við þreifingu eru eymсли yfir vöðvafestum (insertio) musculus sternocleidomastoideus hægra megin, ystu brún musculus trapezius hægra megin. Tauga- og æðaskoðun á handleggjum og höndum er eðlileg. Það er engin vöðvarýrnun, og hreyfiferill í öxlum og olnbogum og öðrum smáliðum handanna er eðlilegur.

Ályktun:

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja um þetta mál, og samkvæmt viðtali mínu við sjúkling hefur hann orðið fyrir mari og tognunaráverka á hálsi við áðurnefnda líkamsárás. Var tekinn hraustlegu hálstaki, þar sem höfuð hans var þvingað með afli til vinstri og kemur áðurnefndur tognunaráverki vel heim og saman við lýsingu hans á „haustakinu“. Mun hafa leitað samdægurs til slysadeildar Borgarspítalans, þar sem þetta var staðfest. Ég sé því enga ástæðu til að rengja sögu sjúklings.

Við skoðun er lítið að finna annað en smávægileg eymсли yfir vöðvafestum á hálsi en einkenni sjúklings eru að mestu leyti subjectiv og verða ekki mæld með neinum aðferðum. Ljóst er skv. frásögn hans, að við árásina hefur hann orðið fyrir andlegu áfalli, sem kalla mætti post-traumatiska neurosu, og eimir eftir af því enn. Sé ég ekki ástæðu til að rengja það heldur. Þrátt fyrir hefðbundna meðferð og endurhæfingartilraunir, t.d. með sjúkraþjálfun, hefur Haraldur ekki losnað við einkenni sín enn, þótt um rúm þrjú ár séu liðin frá því að þessir atburðir gerðust. Má þvíætla að þessi einkenni, sem hann hefur í dag, séu varanleg.

Mér þykir örorkumat Stefáns Bogasonar frá 24.11. 1989, sem hljóðar upp

á fimmtán prósent (15%) varanlega örorku, nokkuð hæfilegt og ekki of há prósentutala.

Leiða má rök að þessari tölu á þann hátt að meta varanlega örorku vegna tognunar í hálsi tíu prósent (10%) og þykir mér það síst of há tala, þar sem sj. er enn með töluverð óþægindi í hálsi. Þar við bætist örorka vegna post-traumatiskrar neurosu, sem mér þykir hæfilega metin fimm prósent (5%). Samtals gefur þetta því fimmtán prósent (15%) varanlega örorku.“

Í nýju örorkumati Stefáns Bogasonar frá 19. desember 1990 segir:

„Þar sem slasaði er enn með svipuð einkenni og hann hafði við síðasta örorkumat þann 24.11. 1988 og í ljósi nýrra upplýsinga, sem borist hafa, þykir ekki ástæða að breyta gildandi varanlegu örorkumati frá því sem það var úrskurðað þá, a. m. k. ekki til lækkunar.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, þykir varanleg örorka af völdum þessa áverka hæfilega metin fimmtán prósent (15%).“

Fyrir dómi skýrði stefnandi svo frá, að það væri mishermi hjá Júlíusi Valssyni, að hann hefði látið útbúa sérstaka lása á hurðir á heimili sínu. Hann læsi hins vegar hurðum, svölum og gluggum kirfilega, áður en hann gangi til náða. Ótti og kvíði hrjái hann að öðru leyti ekki lengur.

IV.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því að örorku hans megi rekja til áverka er hann hlaut í viðureign sinni við stefnda. Árásin hafi verið án ástæðna og hafi stefndi ruðst inn á heimili stefnanda. Stefndi hafi játað brot sitt fyrir sakadómi og hafi sáttin res judicata verkanir.

Læknaráð hafi talið orsakasamband ótvírætt milli átakanna og örorku stefnanda.

Samkvæmt almennu skaðabótareglunni beri því stefnda að greiða fjárhagslegt tjón stefnanda sem af verknaði stefnda hlaut og vísar stefnandi til dómvenju vegna hliðstæðra mála. Í fjárhagslegu tjóni stefnanda felist örorkutjón skv. útreikningi tryggingastærðfræðings, miskabætur, allur útlagður kostnaður vegna áverkanna svo og lögfræðikostnaður.

Stefnandi hafi haft og muni hafa allveruleg óþægindi af þeim áverkum sem stefndi veitti honum. Sé fyrirsjáanlegt að þau muni há honum mjög um ókomna tíð. Vegna þessa geri stefnandi kröfu um greiðslu miskabóta úr hendi stefnda, að fjárhæð kr. 1.000.000,00 auk vaxta af þeirri fjárhæð, eins og kröfugerð segi, frá slysdegi til greiðsludags. Fjárhæð dómkröfu stefnanda sé höfð hærri en örorkutjónsútreikningar hljóði. Sé það gert til að tryggja verðbætur kröfunnar vegna hugsanlegrar áfrýjunar málsins, og vísist til 45. gr. laga nr. 75/1973 í því sambandi.

Við munnlegan flutning málsins féll stefnandi frá kröfum vegna tíma-bundinnar örorku.

Stefndi mótmælir eindregið þeirri málsástæðu stefnanda, að tjón stefnanda sé afleiðing átaka stefnanda og stefnda.

Í fyrsta lagi sé ósannað að stefndi hafi framið skaðabótaskyldan verknað. Í því sambandi er bent á að frásögn stefnanda um hið meinta höfuðhögg og hálstak sé ósennileg. Ekki liggi fyrir, svo að öruggt sé, hver hafi átt upptök að átökunum. Sé því ósannað að um ólögmætt atferli af hálfu stefnda hafi verið að ræða. Í því sambandi bendir stefndi á, að áverkar séu taldir lítil-fjörlegir í læknisvottorði slysadeildar Borgarspítalans frá 10. september 1987 og læknisvottorð Sigurðar Hektorssonar frá 22. nóvember 1988 sé byggt á frásögn stefnanda sjálfs.

Athygli veki að stefnandi leiti fyrst til heimilislæknis síns u.þ.b. 9 mánuðum eftir að átökin áttu sér stað. Í kjölfar þess hafi hann verið sendur til sjúkrahjálfa og meðferð hafist í júlímánuði, um einu ári eftir átökin. Stefndi telur að hér sé um óeðlilegan drátt að ræða og því sé það ólíklegt að átökin hafi leitt til þess líkamstjóns, sem stefnandi heldur fram. Það sé svo í lok nóvembermánaðar árið 1988 að fengið er örorkumat Stefáns Bogasonar læknis, sem byggi örorkumat sitt á orðum og gögnum er stefnandi lætur honum í té, um atburð sem átt hafi sér stað meira en ári áður. Með vísan til þess telur stefndi að ósönnuð séu orsakatengsl milli verknaðar og tjóns, sé það á annað borð sannað, og því séu skilyrði almennu skaðabótareglunnar ekki fyrir hendi.

Telji dómurinn að tjón stefnanda verði rakið til átaka þeirra sem áttu sér stað umrædda nótt, þá er því haldið fram af hálfu stefnda að stefnandi eigi sjálfur sök á tjóni sínu. Stefndi sé lögfræðingur með framhaldsmenntun í afbrotatræðum frá Bandaríkjunum. Honum hafi átt að vera ljóst sökum menntunar sinnar, reynslu og allra aðstæðna, að tjón gæti hlotist. Þannig hafi stefnanda átt að vera ljóst, miðað við lýsingu hans sjálfs á ástandi stefnda, að hann tæki vissa áhættu að kalla stefnda til baka er hann hafði yfirgefið húsið. Meta verði óaðgæslu hans til eigin sakar að fullu og hann því að bera tjón sitt að fullu sjálfur. Hann hafi, þvert á móti, orðið valdur að líkamstjóni stefnda. Eðlilegast hefði verið að bíða eftir lögreglu.

Kröfugerð stefnanda sé óeðlilega há og örökstudd. Örorkutjónskrafan sé langt umfram örorkutjónsútreikning og án þess að sýnt hafi verið fram á að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni. Virða beri til lækunar að aflahæfi stefnanda hafi ekki skerst þrátt fyrir hina áætluðu læknisfræðilegu örorku og litlar líkur til þess að svo verði um ókomin ár.

Í greinargerð stefnda er skorað á stefnanda að leggja fram skattframtöl

fyrir gjaldárin 1988–1990. Það var ekki gert, en stefnandi staðfesti hins vegar fyrir dómi, að hann hefði ekki lækkað í tekjum, frá því að átökin áttu sér stað. Hann hafi verið skipaður forstöðumaður Fangelsismálastofnunar ríkisins 1. október 1988, og sé það betur launað starf en fyrra starf hans hjá ríkislögmanni.

Við munnlegan málflutning benti lögmáður stefnda á, að verulegar líkur séu á því að stefnandi hafi ekki greint rétt frá upptökum áfloganna. Ekkert vitni sé að átökunum en líta verði á framburð eiginkonu stefnanda sem um aðila hafi verið að ræða.

Dómsáttin fyrir sakadómi sé ekki viðurkenning, því að stefndi hafi verið í þeirri villu, að hann væri laus allra mála með því að undirgangast hana.

Þá var því haldið fram af lögmanni stefnda við málflutning, að fjártljón stefnanda sé ekkert, en það sé skilyrði skaðabótaskyldu. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir fjártljóni þrátt fyrir læknisfræðilega örorku.

Stefndi mótmælir miskabótakröfu stefnanda sem allt of hárri og í engu samræmi við dómvenju. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir miska.

Þá telur stefndi að lækka beri bætur vegna skattfrelsis bótanna og draga frá þann hlut þeirra sem ganga myndi til opinberra gjalda. Þá beri að virða til lækkunar hagræði af eingreiðslu bótanna.

Einnig bendir stefndi á, að stefnandi njóti mun meiri tekna en stefndi, sem sé atvinnulaus.

Kröfu sína um málskostnað byggir stefndi á 177. gr. laga nr. 85/1936 að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti, sbr. lög nr. 50/1988, og með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu skv. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

Þá krefst stefndi sýknu af kröfum stefnanda um greiðslu málskostnaðar með vísan til 178. gr. laga nr. 85/1936.

Auk aðila málsins kom eiginkona stefnanda, Brynhildur Ingimundardóttir, fyrir dóminn.

V.

Fram hefur komið í málinu, að aðilum ber ekki saman um átökin og upphaf þeirra á heimili stefnanda þann 30. júlí 1987.

Framburður stefnda hefur verið nokkuð reikull. Í skýrslu lögreglunnar frá 30. júlí 1987 mundi hann ekkert eftir atvikum, vissi ekki hvert hann fór um kvöldið eða hvað hann gerði. Kenndi hann ölvunarástandi sínu um minnisleysið. Fyrir dómi breytti hann framburði sínum á þá leið að minnis-

leysið hefði stafað af heilahristingi er hann hlaut í átökunum. Í lögreglu-skýrslu frá 25. mars 1988 kvað stefndi stefnanda hafa ráðist á sig að fyrra bragði og hélt við þann framburð hér fyrir dómi. Ekki hefur stefnda tekist að sanna þessa staðhæfingu sína.

Upplýst er þó að stefndi var talsvert ölvaður og það æstur að lögreglan þurfti að færa hann í handjárn. Þá er einnig upplýst að stefndi kom óboðinn á heimili stefnanda og í óþökk hans. Hann yfirgaf húsið sjálfviljugur í fyrra skiptið, en hafði þá á brott með sér föt úr fatahengi stefnanda í stigagangi. Verður að telja að hann hafi farið inn á heimili stefnanda gegn vilja hans seinna skiptið og hófust þá átökin.

Stefnandi fór á slysadeild Borgarspítalans stuttu síðar og kom í ljós að eymсли voru yfir hálsvöðvum, aðallega yfir musculus trapezius hægra megin og sársauki við snúningshreyfingar yfir til hægri.

Þegar framburður aðila er virtur og höfð hliðsjón af játningu stefnda fyrir sakadómi og ofangreindu áverkavottorði, þykir nægilega sannað að stefndi hafi átt sök á átökum aðila.

Ekki verður fallist á með stefnda, að um eigin sök stefnanda hafi verið að ræða er hann stöðvaði stefnda í að hafa á brott með sér föt stefnanda.

Á grundvelli læknisvottorða, úrskurðar Læknaráðs og örorkumats, þykir í ljós leitt, að líkamsmeiðsl stefnanda stafi af þessum átökum og þykir því verða að leggja á stefnda skaðabótaábyrgð.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar þannig, með vísan til 45. gr. laga nr. 75/1973:

1.	Örorkutjón	kr.	9.000.000,00
2.	Miskabætur	„	1.000.000,00

Við aðalmeðferð málsins féll stefnandi frá kröfum vegna tímabundinnar örorku.

Við ákvörðun bóta til stefnanda fyrir varanlega örorku þykir mega leggja mat Stefáns Bogasonar læknis og útreikninga Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings til grundvallar.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að lækka beri bætur til stefnanda, þar sem hann hafi ekki lækkað í tekjum og vinni fulla vinnu eftir sem áður. Í samræmi við dómvenju þykja ekki efni til að taka tillit til þess við ákvörðun bóta, enda þykja framtíðartekjumöguleikar stefnanda skertir.

Samkvæmt útreikningi tryggingastærðfræðingsins er höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps þann 30. júlí 1987 vegna varanlegrar örorku kr. 3.163.00,00.

Með tilliti til þess, að um 15% örorku er að ræða, þykir rétt að áætla bæt-

ur fyrir örorku og miska í einu lagi. Þegar litið er til skattfrelsis og hagræðis eingreiðslu þykja heildarbætur til stefnda hæfilega ákveðnar kr. 2.000.000,00.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, kr. 270.000,00, þ. m. t. virðisaukaskattur og útlagður kostnaður.

Vextir greiðist á málskostnað án virðisaukaskatts, eins og í dómsorði greinir.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Finnþoga H. Alexanderssyni héraðsdómara og Guðmundi Sverrissyni lækni.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Kári Thors, greiði stefnanda, Haraldí Johannessen, kr. 2.000.000,00, ásamt dráttarvöxtum skv. 7. gr. laga nr. 25/1987 frá 30. júlí 1987 til 12. desember 1991, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 270.000,00 í málskostnað.

Vextir greiðist skv. III. kafla laga nr. 25/1987 af málskostnaði án virðisaukaskatts að liðnum 15 dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags.
